

Nr. 3/1993.

Miðvikudaginn 13. október 1993.

**Vinnuveitendasamband Íslands
f.h. Sambands málm- og skipasmiðja
vegna Stálsmiðjunnar hf.**

(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)

gegn

**Alþýðusambandi Íslands
f.h. Verkamannasambands Íslands
vegna Verkamannafélagsins Dagsbrúnar**

(Atli Gíslason hrl.)

Ólögmat vinnustöðvun. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gunnar Guðmundsson og Jón Þorsteinsson.

Málið, sem dómtekið var 28. sept. sl., höfðaði Vinnuveitendasamband Íslands, Garðastræti 41, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 5. febrúar sl., f.h. Sambands málm- og skipasmiðja, Hallveigarstíg 1, Reykjavík vegna Stálsmiðjunnar hf., Mýrargötu 2, Reykjavík, fyrir Félagsdómi gegn Alþýðusambandi Íslands, Grensásvegi 16 í Reykjavík, f.h. Verkamannasambands Íslands, Lindargötu 9, Reykjavík vegna Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, Lindargötu 9 í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að aðgerðir formanns og félagsmanna stefnda Verkamannafélagsins Dagsbrúnar á athafnasvæði stefnanda laugardaginn 30. janúar sl. þegar hindruð var sjósetning fiskiskipsins Júlíusar ÁR-111 verði dæmd ólögmat vinnustöðvun af hálfu stefnda og brot á friðarskyldu samkvæmt kjarasamningi aðila frá 26. apríl 1992.
2. Að stefndi Verkamannafélagið Dagsbrún verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 113.396 í skaðabætur vegna hinnar ólögmatu vinnustöðvunar.
3. Að stefndi Verkamannafélagið Dagsbrún verði dæmdur til greiðslu sektar.
4. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu að mati dómsins að meðtöldum virðisaukaskatti.

Upphaflega gerði stefndi aðallega kröfu um frávísun málsins og með úrskurði dómsins uppkveðnum 15. apríl sl. var málinu vísað frá dómi. Úrskurður þessi var kærður til Hæstaréttar og með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 27. maí sl. var frávísunarúrskurðurinn úr gildi felldur og lagt fyrir Félagsdóm að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þá leið, að á hádegisflóði laugardaginn 30. janúar sl. hafi átt að sjósetja fiskiskipið Júlíus Ár-111, sem gert sé út frá Þorlákshöfn og hafði verið til viðgerðar í slipp Stálsmiðjunnar við Reykjavíkurböfn. Á föstudeginum hafi verið óskað eftir því við verkamenn stefnanda, sem séu félagar í Verkamannafélaginu Dagsbrún, að 2–3 af 14 manna hópi verkamanna kæmu ásamt verkstjórum sínum til vinnu við sjósetningu skipsins á laugardeginum. Verkamennirnir hafi allir sem einn neitað því að koma til vinnu og hafi þá staðið til að verkstjórar stefnanda ynnu verkið, en þeir hafi unnið við slíptöku og sjósetningu skipa ásamt verkamönnum. Á milli kl. 11 og 12 á laugardagsmorgninum, þegar verið var að undirbúa verkið hafi verkamennirnir, sem neitað höfðu að koma til vinnu, verið komnir á vinnusvæðið, ásamt formanni stefnda Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og fréttamönnum Ríkissjónvarpsins. Þegar skipverjar voru komnir um borð og hefja átti vinnu við að sjósetja skipið hafi verkamenn raðað sér fyrir þann stað í dráttarbrautinni sem komast þurfti að til að framkvæma verkið. Fremstur í flokki hafi verið Guðmundur J. Guðmundsson formaður stefnda og hafi hann skorað á stjórnendur stefnanda að hætta við verkið. Verkamenn væru í yfirvinnubanni og verkstjórar hefðu enga heimild til þess að vinna við sjósetninguna, því að það væri í verkahring Dagsbrúnarmanna. Hafi verkstjórum verið hótad því að ef þeir létu til skaras skriða þá yrði séð til þess að þeir yrðu reknir úr verkstjórufélaginu.

Formanni Dagsbrúnar hafi verið bent á það, bæði af framkvæmdastjóra stefnanda og lögmanni VSÍ, að stefndi gæti orðið skaðabótaskyldur ef hindruð væri sjósetning skipsins. Þá hafi for-

maður stefnda manað framkvæmdastjóra stefnanda og lögmann VSÍ til þess að fara í skaðabótamál við Dagsbrún, en það yrði hvergi kvikað frá því að koma í veg fyrir að skipið yrði sjósett. Sjónvarpsmenn hafi fylgst vel með og myndað.

Formaður stefnda hafi lýst því yfir að sjósetning yrði ekki hindruð ef stefnandi greiddi verkamönnunum áfram fasta yfirvinnu, sem sagt hefði verið upp með þriggja mánaða fyrirvara og féll niður frá 1. janúar sl. að telja. Deilu um yfirvinnugreiðslur hafi stefndi margoft gefið yfirlýsingar um að yrði stefnt fyrir Félagsdóm og spurt hafi verið hvort það væri ekki eðlilegt að láta af þessum ólögmatu aðgerðum og bíða niðurstöðu þess máls. Því hafi verið hafnað og endurtekin hafi verið í sjónvarpsviðtali áskorun formanns stefnda um að reyna að sækja stefnda til greiðslu skaðabóta. Bent hafi verið á að stefndi hafi ekki boðað yfirvinnubann og gæti það reyndar ekki á þessum tíma, þar sem kjarasamningar hafi ekki verið lausir fyrr en 1. febrúar og að verkamenn stefnanda ásamt formanni stefnda væru með ólögmatum hætti að koma í veg fyrir að fiskiskipið Júlíus ÁR-111 yrði sjósett á hádegisflóðinu. Í þessu stappi hafi staðið, þar til farið var að fjara út og of seint orðið að sjósetja skipið sem aðeins sé hægt að gera á flóði. Framkvæmdastjóri stefnanda hafi ákveðið að láta hætta við tilraunir við að koma skipinu á flot þar sem fyrir hafi legið að beitt yrði hnefarétti ef annað gæfi ekki betur og hafi félagsmenn stefnda verið í miklum meirihluta á svæðinu. Framkvæmdastjóri stefnanda hafi ekki viljað verða valdur að því að menn yrðu fyrir meiðslum og ákveðið að taka áskorun formanns stefnda og fá dómstóla til að útkljá það, hvort forystumönnum verkalýðsfélags væri heimilt að beita nær öllum ráðum til þess að stöðva atvinnurekstur þegar þeim sýndist svo.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Í máli þessu, sem stefnandi tjáir höfðað á grundvelli 1. og 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 8. gr. sömu laga, byggir stefnandi kröfugerð sína á því að aðgerðir formanns og félagsmanna stefnda Verkamannafélagsins Dagsbrúnar á athafnasvæði stefnanda laugardaginn 30. janúar sl. séu brot á kjarasamningi aðila og II. kafla laga nr. 80/1938 og séu því ólögmatar.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 80/1938 sé stéttarfélögum heimilt að efna til vinnustöðvunar í þeim tilgangi að vinna að framgangi

krafna sinna í vinnudeilum með þeim skilyrðum og takmörkunum sem sett séu í lögnum.

Stefndi hafi brotið gegn friðarskyldu, sem hann sé bundinn af á gildistíma kjarasamnings. Stefnda sé ávallt óheimilt að hefja vinnustöðvun meðan kjarasamningur sé í gildi. Ágreining um túlkun kjarasamnings eigi að bera undir dómstóla, sbr. 2. tl. 1. mgr. 44. gr., sbr. 1. tl. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 80/1938. Stefndi hafi sagt upp kjarasamningum sínum og hafi þeir fyrst orðið lausir frá og með 1. febrúar sl. að telja. Formaður stefnda Verkamannafélagsins Dagsbrúnar hafi lýst því yfir að af hálfu félagsins ríkti yfirvinnubann hjá stefnanda. Hafi hann neitað því, að einungis væri um persónubundin mótmæli starfsmanna í því formi að þeir neituðu að vinna yfirvinnu, heldur hefði stefndi sett yfirvinnubann á stefnanda. Yfirvinnubann hafi hvorki verið tilkynnt áður né möguleiki á að gera það virkt á gildistíma kjarasamnings. Hafi stefndi því brotið gegn II. kafla laga nr. 80/1938 með þessu athæfi sínu.

Samkvæmt fortakslausu ákvæði 16. gr. laga nr. 80/1938 sé lögmæti vinnustöðvunar auk þess háð því skilyrði að gætt sé af hálfu boðanda vinnustöðvunar þeirrar tilkynningarskyldu, sem þar er boðin, þ.m.t. að tilkynna ríkissáttasemjara um fyrirhugaða vinnustöðvun með 7 sólarhringa fyrirvara. Þar sem þessa hafi ekki verið gætt sé vinnustöðvunin einnig af þeirri ástæðu ólögmæt.

Með vísan til 65., sbr. 8. gr., laga nr. 80/1938 er þess krafist að stefndi Verkamannafélagið Dagsbrún verði dæmt til að greiða stefnanda kr. 113.396 í skaðabætur vegna tjóns sem stefnandi, útgerðarmaður og skipshöfn Júlíusar ÁR-111 hafi orðið fyrir vegna ólögmætra aðgerða af hálfu formanns og félagsmanna stefnda. Stefndi hafi skipulagt og framkvæmt ólögmæta vinnustöðvun af ásetningi, án þess að skeyta hið minnsta um skyldur sínar skv. lögum og samningum.

Í skjölum málsins er kostnaður Stálsmiðjunnar hf. kr. 62.351 sundurliðaður þannig: vinnulaun fimm starfsmanna í 3 til 4 klst. kr. 21.166, mætingarbónus 5% kr. 1.058 og launatengd gjöld 20,72% kr. 4.605 eða samtals kr. 26.829 og kostnaður vegna starfsmanna í véladeild sem unnu við undirbúning sjósetningar á Júlíusi ÁR-111 og frágang þegar ekki varð af sjósetningu, laun fjögurra starfsmanna kr. 28.024, mætingarbónus 5% kr. 1.401 og launatengd gjöld 20,72% kr. 6.097. Jafnframt er í skjölum málsins samkomulag Stálsmiðjunn-

ar hf. og útgerðar Júlíusar ÁR-111, dags. 26. febrúar 1993, um uppgjör á kostnaði útgerðar Júlíusar ÁR-111 vegna sendingar áhafnar skipsins til Reykjavíkur laugardaginn 30. janúar 1993. Þar er launakostnaður kr. 30.000, akstur kr. 5.000, fæðiskostnaður kr. 6.000 og vsk. 24.5% kr. 10.045 eða samtals kr. 51.045.

Stefnandi gerir kröfu til þess að stefndi Verkamannafélagið Dagsbrún verði dæmt til greiðslu sektar með vísan til 70., sbr. 8. gr., laga nr. 80/1938.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Í greinargerð stefnda er varðandi málavexti m.a. tekið fram að verkamenn, sem eru starfsmenn í brautum hjá Stálsmiðjunni, og Verkamannafélagið Dagsbrún hafi talið uppsögn Stálsmiðjunnar á fastri yfirvinnu ólögmetta og mótmælt henni. Þegar uppsögnin kom til framkvæmda um síðastliðin áramót hafi verkamenn, sem hlut áttu að máli, ákveðið að þeir myndu ekki vinna yfirvinnu. Þessi ákvörðun verkamannanna hafi verið tilkynnt þremur verkstjórum þeirra á fyrsta starfsdegi ársins. Stálsmiðjan hafi engum andmælum hreyft. Á þessa ákvörðun hafi fyrst reynt 15. janúar sl. þegar taka átti m/s Búðafell í slipp. Verkamennirnir hafi neitað að vinna verkið í yfirvinnu. Athugasemdum hafi ekki verið hreyft og hafi skipið verið tekið upp í slipp 18. janúar.

Stefndi segir það óumdeilt að verkamannafélagið Dagsbrún hafi enga aðild átt að ákvörðun verkamannanna, tilkynningum og öðrum aðgerðum.

Föstudaginn 29. janúar hafi verkstjóri tilkynnt að það vantaði þrjá menn til þess að taka búkka og planka frá m/s Júlíusi ÁR-111 og sjósetja skipið á laugardeginum. Verk sem þetta sé unnið af þremur verkamönnum undir stjórn eins verkstjóra. Verkstjórinn hafi verið minntur á fyrri ákvörðun um yfirvinnu og jafnframt hafi því verið mótmælt að aðrir gengju í störf verkamanna við sjósetninguna. Síðar um daginn hafi verið haft samband við Skúla Jónsson, forstjóra Stálsmiðjunnar og honum tilkynnt hvernig verkamennirnir litu á málið og að þeir myndu ekki sætta sig við að aðrir gengju inn í störf sem þeir hefðu sammingsbundinn forgang til og að gildandi kjarasamningur skuldbindi menn ekki til helgarvinnu. Forstjórinn hafi tjáð verkamönnum að skipið yrði sjósett engu að síður með öðrum mannskap.

Eftir þessi samskipti hafi forstjórinn kallað til starfa á laugardeg-

inum fjölmarga menn bæði starfsmenn Stálsmiðjunnar og aðra. Liðsafnaður forstjórans, einir tuttugu menn, hafi mætt á laugardeginum og ellefu verkamenn ásamt formanni Dagsbrúnar, sem hafi reynt að miðla málum og koma í veg fyrir brot á kjarasamningi. Þá hafi vélvirkjar þegar gengið í störf verkamanna og tekið planka og búkka frá skipinu. Eftir nokkurt þóf og viðræður hafi forstjórinn ákveðið að hætta við áform um sjósetningu. Skipið hafi síðan verið sjósett með eðlilegum og venjubundnum hætti mánudaginn 1. febrúar.

Af hálfu stefnda er því mótmælt að stefndi hafi sett yfirvinnubann á Stálsmiðjuna. Jafnframt er því mótmælt að legið hafi við að beitt yrði hnefarétti og að félagsmenn Dagsbrúnar hafi verið í miklum meirihluta á svæðinu. Verkamennirnir hafi mætt á svæðið til viðræðna um umsamda fasta yfirvinnu eins og oft hafi gerst áður. Ósannað sé að áhöfn skipsins hafi komið frá Þorlákshöfn umræddan dag í þeim tilgangi að sjósetja skipið.

Verkamannafélagið Dagsbrún beri ekki ábyrgð á þeirri deilu sem upp er risin og aðgerðum verkamanna Stálsmiðjunnar, eigi ekki aðild. Þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna stefnda. Upphaf deilunnar megi rekja til brota Stálsmiðjunnar á kjarasamningi sem leitt hafi til þess að viðkomandi verkamenn hafi tekið ákvörðun um að vinna ekki yfirvinnu og hafi tilkynnt hana. Þeir hafi fylgt eftir þessari persónubundnu ákvörðun sjálfir án atbeina Dagsbrúnar. Dagsbrún geti ekki borið ábyrgð á meintum samningsrofum. Formaður félagsins hafi á síðustu stundu reynt að miðla málum og hvatt aðila til að leita til dómstóla með deiluna. Ekki varði það sektum, skaðabótum eða öðru áfelli, sbr. 8. gr. laga nr. 80/1938. Verði að túlka greinina þröngt og gera strangar kröfur til sönnunarfærslu stefnanda.

Í annan stað geti það hvorki talist ólögmat vinnustöðvun né brot á friðarskyldu samkvæmt kjarasamningi ef starfsmenn neiti að koma til vinnu eftir að kjarasamningsbundinni dagvinnu er lokið, hvað þá um helgar. Virkur vinnutími skuli samkvæmt II. kafla gildandi kjarasamnings vera 37 klst. og 5 mín. og skuli hann unninn á tímabilinu 7.30 til 17.00. Um annað hafi ekki verið samið. Um skylduyfirvinnu sé ekki að ræða. Samkvæmt V. kafla sama samnings aðila sé áskilið að gildir meðlimir í Dagsbrún hafi forgangsrétt til allrar almennrar verkamannavinnu hjá stefnanda. Það sé andstætt anda og eðli kjarasamninga að atvinnurekandi geti sniðgengið for-

gangsréttarákvæði með því að kalla utanfélagsmenn til starfa á kvöldin og um helgar. Með því sé vegið gegn grundvelli kjarasamninga í landinu. Fáí ekki staðist, að unnt sé að dæma stefnda brotlegan á grundvelli ólögmætra aðgerða stefnanda.

Í II. kafla laga nr. 80/1938 sé að finna ákvæði um verkföll og verkbönn. Ákvörðun verkamanna Stálsmiðjunnar um að vinna ekki yfirvinnu og viðræður þeirra við forsvarsmenn Stálsmiðjunnar laugardaginn 30. janúar 1993 falli ekki undir verkfall í skilningi laganna. Það sé andsvar þeirra við kjarasamningsbroti Stálsmiðjunnar og sé ekki ætlað að knýja fram breytingu eða ákvörðun um kaup og kjör. Þegar af þeirri ástæðu geti háttsemi verkamannanna ekki talist brot á ákvæðum nefnds kafla. Það sé ljóst, að Stálsmiðjan hafi sagt upp fastri yfirvinnu, sem ætíð hafi verið unnin. Tilvísanir í stefnu til ákvæða 14., 16. og 17. gr. laga nr. 80/1938 eigi ekki við. Hér er einnig minnt á dóm Félagsdóms 1981 bls. 271 í dómasafni.

Forstjóri Stálsmiðjunnar hafi að ófyrirsynju og viljandi efnt til deilunnar. Engin ástæða hafi verið til sjósetningar skipsins þennan dag nema til að ögra verkamönnum og koma á stað deilum. Það sjáist best á því að lóðsbátur hafi ekki verið ræstur út og umrætt skip hafi legið aðgerðalaust í Reykjavíkurböfn allt til 10. febrúar. Forstjórinn hafi haft fulla vitneskju um það þegar þann 29. janúar, að verkamennirnir myndu ekki mæta til sjósetningar. Hann hafi undirbúið aðgerðir sínar af kostgæfni og meðal annars kallað til leiks lögfræðing sér til fulltingis. Sjósetning hafi aldrei verið reynd af alvöru enda hafi enginn haft hagsmuni af sjósetningu. Þvert á móti hafi verið hagkvæmara að sjósetja skipið í dagvinnu. Á framánritaðri háttsemi geti stefnandi ekki unnið rétt.

Í stefnu í Félagsdómsmáli nr. 2/1993 hafi forstjóri Stálsmiðjunnar staðhæft að hann hafi ekki brotið gegn kjarasamningi heldur sagt upp ráðningarsamningum. Ólögmæt uppsögn kjarasamnings og brot stefnanda á aðalkjarasamningi réttlæti háttsemi verkamannanna.

Krafist er sýknu af skaðabótakröfum frá eiganda m.s. Júlíusar þar sem hann eigi ekki aðild að málinu. Í stefnu komi fram, að tjón samkvæmt dskj. 13 sé tjón útgerðarmanns og skipshafnar. Ekki verði séð að Stálsmiðjan hafi orðið fyrir tjóni sem nemi kröfu eigandans. Ekki liggi fyrir að Stálsmiðjan hafi greitt kröfuna, innleyst hana með öðrum hætti eða fengið hana framselda. Kröfuliðum á dskj. 13 er öllum mótmælt sem röngum, ósönnuðum og óviðkom-

andi. Sama gildi um kostnaðaryfirlit Stálsmiðjunnar. Öll undirgögn skorti og skýringar vanti á því hvers vegna allir þessir starfsmenn voru kallaðir til. Ljóst sé að þeir hafi verið kallaðir út til að sinna öðrum verkum en sjósetningu meðal annars viðgerð á stýri og skrúfu skipsins, verkefnum í véladeild eða öðrum verkefnum óviðkomandi sjósetningu. Stefnandi geti ekki kafið um greiðslur bóta vegna fastakostnaðar Stálsmiðjunnar. Tímaskrift er mótmælt, tíma kaup og mætingabónus, sem aldrei sé greiddur í tilvikum sem þessum. Þá er sýknukrafan rökstudd með því að stefnanda hafi borið að takmarka tjón sitt eins og honum var framast kostur. Stefnandi hafi getað komið í veg fyrir allt tjón með því að fresta sjósetningu til mánudags vitandi um deilur sem í uppsiglingu voru og aðvaranir starfsmanna um að brjóta ekki á þeim samninga.

Kröfu stefnanda um sektargreiðslu er mótmælt með vísun til fyrri rökstuðnings. Þá geti meint brot stefnda alls ekki talist saknæmt með tilliti til framkomu stefnanda, sbr. einnig 65. gr. laga nr. 80/1938. Stefnandi beri alla ábyrgð á meintum sammingsbrotum.

Niðurstæða.

Við framhaldsmeðferð málsins eftir að Hæstiréttur hnekkti frá vísun Félagsdóms hefur málið skýrt töluvert og þá sérstaklega hvernig starfsmenn í dráttarbrautum stefnanda undir forystu formanns Verkamannafélagsins Dagsbrúnar komu í veg fyrir að fiskiskipið Júlíus ÁR-111 yrði sjósett þann 30. janúar 1993. Ennfremur þykir upplýst að áætluð sjósetning skipsins þann dag hafi ekki verið að þarflausu.

Eins og að framan hefur verið rakið felldi stefnandi við síðustu áramót niður fastar yfirvinnugreiðslur til starfsmanna í dráttarbrautum í samræmi við uppsagnarbréf, dags. 30. september 1992, en með þeim sagði stefnandi upp fastri yfirvinnu með þriggja mánaða fyrirvara. Verkamannafélagið Dagsbrún mótmælti þessum uppsögnum sem broti á sérkjarasamningi en án árangurs. Í janúarmánuði 1993 sammæltust framangreindir starfsmenn um að neita allri yfirvinnu uns þeir fengu leiðréttingu mála sinna.

Á þessa neitun starfsmanna reyndi ekki, svo sannað sé, fyrr en laugardaginn 30. janúar 1993 er starfsmenn synjuðu að sjósetja fiskiskipið Júlíus ÁR-111 þar sem um yfirvinnu væri að ræða. Stefnanda var tilkynnt þessi afstaða starfsmanna daginn áður, þann 29. janúar, m.a. af formanni Verkamannafélagsins Dagsbrúnar en þangað

höfðu starfsmenn farið til að leita ásjár til stuðnings málstað sínum. Var þeim þá ljóst að stefnandi ætlaði að láta verkstjóra og aðra starfsmenn, sem ekki voru félagar í Dagsbrún, annast sjósetninguna daginn eftir. Af því tilefni mætti þann dag hópur framangreindra starfsmanna í dráttarbrautum undir forystu formanns Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og komu þeir með athöfnum sínum og staðsetningu í veg fyrir að stefnanda væri kleift að sjósetja skipið. Taldi formaður stéttarfélagsins m.a. að óheimilt væri að stefnandi sjósetti skipið þar sem með því væri verið að ganga í störf félagsmanna Dagsbrúnar.

Það var ekki fyrr en þann 3. febrúar 1993, eða eftir framangreint atvik í dráttarbrautum stefnanda, að stéttarfélagið stefndi stefnanda fyrir Félagsdóm vegna réttarágreinings aðila um ætlaðar ólögsmætar uppsagnir stefnanda á yfirvinnu starfsmanna í dráttarbrautum. Hefur Félagsdómur þegar skorið úr því ágreiningsefni aðila.

Af því sem fram kom við aðalmeðferð málsins má ráða að formaður Verkamannafélagsins Dagsbrúnar hafi haft veruleg afskipti af framangreindum aðgerðum er komið var í veg fyrir sjósetningu fiskiskipsins Júlíusar ÁR-111. Ekki verður séð að formaðurinn hafi reynt að afstýra aðgerðum félagsmanna sinna. Ber því að hafna sýknukröfu stefnda vegna aðildarskorts.

Sameiginleg ákvörðun starfsmanna um að vinna ekki yfirvinnu var tekin þegar almennur kjarasamningur aðila var enn í gildi. Þeirri ákvörðun var síðan fylgt eftir með framangreindum aðgerðum þann 30. janúar sl. Ljóst er að sameiginleg markmið með aðgerðum þessum var að knýja á um að starfsmennirnir fengju úrbætur í kjaramálum sínum varðandi yfirvinnugreiðslur. Verður að telja aðgerðir þessar jafngilda ólögsmætri vinnustöðvun er brjóti í bága við II. kafla 1. nr. 80/1938. Ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda bætur vegna þess tjóns sem hið ólögsmæta atferli stefnda hefur valdið. Þegar litið er til kröfugerðar stefnanda svo og þess sem fram er komið um venjur við sjósetningu skipa og að hluti af áhöfn skipsins kom til Reykjavíkur vegna væntanlegrar vinnu við sjósetningu skipsins, þá þykir mega leggja til grundvallar við niðurstöðu málsins að tjón stefnanda hafi numið hinni umkröfðu fjárhæð og dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 113.396 í skaðabætur.

Eigi þykja efni til að taka til greina kröfu stefnanda um sekt á

hendur stefnda. Eftir þessum úrslitum þykir rétt að stefndi greiði stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 100.000.

D ó m s o r ð:

Aðgerðir formanns og félagsmanna stefnda Verkamannafélagsins Dagsbrúnar á athafnasvæði stefnanda laugardaginn 30. janúar 1993 jafngildir ólögmati vinnustöðvun.

Stefndi skal vera sýkn af refsikröfu stefnanda í máli þessu.

Stefndi greiði stefnanda Vinnuveitendasambandi Íslands f.h. Sambands málm- og skipasmiðja vegna Stálsmiðjunnar hf. kr. 113.396 í skaðabætur og kr. 100.000 í málskostnað.

S é r a t k v æ ð i
Jóns Þorsteinssonar.

Málavextir hafa nokkuð skýrst við framhaldsmeðferð málsins eftir að Hæstiréttur hnekkti frávísun Félagsdóms.

Stefnandi Stálsmiðjan hf. lítur á aðgerðir formanns og félagsmanna stefnda Verkamannafélagsins Dagsbrúnar við fyrirhugaða sjósetningu m.s. Júlíusar laugardaginn 30. janúar 1993 sem ólögmeta vinnustöðvun og brot á friðarskyldu samkvæmt kjarasamningi. Eigi er þó vitnað í neina tiltekna grein kjarasamnings í þessu sambandi. Jafnframt telur stefnandi að Verkamannafélagið Dagsbrún eigi að greiða skaðabætur og sektir.

Við síðustu áramót felldi Stálsmiðjan hf. niður fastar yfirvinnugreiðslur til verkamanna í samræmi við uppsagnarbréf dags. 30. september 1992, en með þeim sagði smiðjan upp fastri yfirvinnu verkamanna, er starfa í brautum, með þriggja mánaða fyrirvara. Verkamannafélagið Dagsbrún mótmælti þessum uppsögnum sem broti á kjarasamningi en án árangurs. Félagið dró það hins vegar til 9. febrúar 1993 að höfða mál fyrir Félagsdómi út af ágreiningsefninu, en uppsagnirnar voru dæmdar ógildar með dómi Félagsdóms uppkveðnum 25. mars 1993.

Í upphafi janúarmánaðar 1993 tóku framangreindir verkamenn sig saman um það án atbeina Verkamannafélagsins Dagsbrúnar að neita allri yfirvinnu uns þeir fengu leiðréttingu mála sinni. Að sögn verkamanna var þessi ákvörðun tafarlaust tilkynnt munnlega til

þriggja verkstjóra Stálsmiðjunnar hf. Í hópi þessara verkamanna var trúnaðarmaður Dagsbrúnar á vinnustaðnum, en hann kveðst hafa tekið ákvörðun um þátttöku sem einstaklingur og án umboðs frá Dagsbrún.

Af framangreindu er ljóst að hér var ekki um verkfall í skilningi laga um stéttarfélög og vinnudeilur að ræða, þar sem stéttarfélagið átti ekki hlut að máli heldur einstakir verkamenn. Þetta var hópaðgerð, sem önnur lög kunna að taka til. Segja má að hér hafi verkamenn barist fyrir réttum málsstað með röngum aðferðum. Á hinn bóginn hefði átt sér stað brot gegn 1. tl. 17. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur, ef Dagsbrún hefði tekið ákvörðun um yfirvinnubann eða hvatt til þess því óheimilt er samkvæmt tilvitnuðu lagaákvæði að leggja niður vinnu þegar ágreiningur er einungis um atvikið sem Félagsdómur á úrskurðarvald um.

Verkamenn héldu fast við fyrri afstöðu sína þegar þeir neituðu að vinna yfirvinnu laugardaginn 30. janúar 1993 er setja átti m.s. Júlíus á flot. Höfðu þeir spurnir af því að Stálsmiðjan hf. ætlaði engu að síður að setja skipið á flot með aðstoð starfsmanna utan Dagsbrúnar, einkum verkstjóra. Leituðu þá verkamenn ásjár formanns Dagsbrúnar Guðmundar J. Guðmundssonar og báðu hann að mæta með þeim á vinnusvæðið þegar sjósetninguna átti að framkvæma.

Hér fyrir dómi hafa verið teknar skýrslur af nokkrum mönnum frá báðum aðilum, sem viðstaddir voru þegar skipið skyldi sjósett. Ber þeim lítt saman. Forstjóri stálsmiðjunnar hf., Skúli Jónsson, segir að verkamenn hafi staðsett sig þannig að þeir hafi sýnilega ætlað að koma í veg fyrir sjósetningu skipsins með því að beita valdi. Þessu neita fulltrúar verkamanna. Trúnaðarmaður Dagsbrúnar segir að formaður félagsins hafi verið kvaddur á vettvang til þess að miðla málum. Formaðurinn, Guðmundur J. Guðmundsson, segist hafa talið rétt að mæta vegna langvarandi reynslu sinnar af því að fást við ágreiningsefni á vinnustöðum af þessum toga. Ljóst er að verkamenn og formaður þeirra mótmæltu því sérstaklega að verkstjórar tækju að sér verkamannastörf. Málalok urðu þau að hætt var við sjósetningu skipsins á laugardeginum.

Líta verður svo á að tilraun Stálsmiðjunnar hf. til þess að koma skipinu á flot hafi verið lögmæt eins og á stóð. Að hinu leitinu er það ekki nægjanlega sannað að orð og athafnir formanns verkamannafélagsins Dagsbrúnar á vettvangi hinn 30. janúar 1993 hafi

verið með þeim hætti að draga megi félagið til ábyrgðar fyrir brot á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur og brot á kjarasamningi. Því ber að sýkna stefnda Verkamannafélagið Dagsbrún af öllum kröfum stefnanda Stálsmiðjunnar hf. í máli þessu. En miðað við aðstæður þykir rétt að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi Verkamannafélagið Dagsbrún skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendasambands Íslands f.h. Sambands málm- og skipasmiðja vegna Stálsmiðjunnar hf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
